



Landssamband fiskeldisstöðva

Alþingi  
Erindi nr. P 130/394  
komudagur 1.12.2003

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2003

Málefni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 162 mál

Landssamband fiskeldisstöðva, LF, undrast það að umhverfisnefnd skildi ekki óska umsagnar LF um ofangreint frumvarp. LF eru einu lögformlegu hagsmunasamtök fiskeldisins í landinu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá 1970.

LF tekur undir allar athugasemdir og mótmæli sameiginlegs bréfs, SA, SI, LIÚ, SÍK, Skeljungs hf. og Olíudreifingu ehf., dagsett 18. nóvember 2003.

Í fylgiskjali 1, með frumvarpinu, undir lið 11, er eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar skilgreint sem starfsemi sem getur valið bráðamengun hafs og stranda.

Þessari skilgreiningu er harðlega mótmælt og fer LF fram á að 11. liður verði afmáður úr texta fylgiskjals 1 með frumvarpinu.

LF vekur athygli umhverfisnefndar á að undirstofnanir umhverfisráðuneytisins gefa út starfsleyfi fyrir starfsemi fiskeldisstöðva, m.a. með skilyrðum og kröfum um hreinleika fráveituvatns. Eldisfiskar eru viðkvæmar lífverur sem þrífast ekki í bráðmengandi umhverfi. Bráðmengandi fráveituvatn frá slíku eldi er óhugsandi.

Virðingafyllst,

F.h. Landssambands fiskeldisstöðva,

Guðbergur Rúnarsson  
framkvæmdastjóri